

Drög að lögum

Endurskoðuð haustönn 2023

## 1. Nafn og aðsetur

1.1. Nafn félagsins skal vera “Nemendafélag Fjölbrautaskólans við Ármúla”, skammstafað NFFÁ.

1.2. Kennitala þess er 590986-1949

1.3. Aðsetur félagsins er í Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Ármúla 12, 108 Reykjavík.

1.4. Félagsmenn eru allir þeir nemendur við skólann sem greiða nemendafélagsgjöld.

1.5. Félagið er meðlimur í SÍF (Sambandi íslenskra framhaldsskólanema).

1.6. Nemendafélag FÁ er valáfangi í FÁ, FÉLM2FF05. Í valáfangann mega allir félagsmenn NFFÁ skrá sig fyrir utan nýnema á fyrsta ári. Nemendur þurfa að sýna fram á gott fordæmi og góða skólasókn.

1.7. Markmið NFFÁ eru:

- a) Að vernda hagsmuni nemenda í FÁ.
- b) Að starfrækja öflugt félagslíf fyrir félagsmenn NFFÁ.
- c) Að þjónusta Fjölbrautaskólann við Ármúla með sjálfbært félagslíf, styðja við uppbygginu þess og veita þeim jafnframt aðhald.

## 2. Stjórn NFFÁ

2.1. Stjórn NFFÁ skal vera lýðræðislega kosinn þar sem allir aðilar innan FÉLM2FF05 hafa kosningarrétt og eru kjörgengir. Leynileg kosning fer fram í byrjun haustannar.

2.1.1. Kosið skal í félagsmálafræðitíma í skólanum og þurfa frambjóðendur að skila inn framboðum sínum til félagsmálafulltrúa FÁ fyrir fundinn.

2.2. Stjórnin er skipuð af forseta, varaforseta/ritara, gjaldkera, hagsmuna- og jafnréttisfulltrúa og markaðsfulltrúa.

2.2.1. Nýkjörin stjórn skal skipta með sér nefndastörfum þeirra hagsmuna- og skemmtifélaga sem starfa undir nemendafélaginu eða skipa hæfa aðila til þess.

2.2.2. Forseti er talsmaður stjórnar út á við og skal því alla jafna mæta á þá viðburði og fundi sem tengjast félaginu, undantekning ef annar stjórnarmeðlimur er viðstaddur og ber ábyrgð á þeim viðburði/fundi. Forseti skal fara með fundarstjórn eða fela öðrum hæfum aðila það hlutverk.

2.2.3. Varaforseti er staðgengill forseta. Varaforseti skal að jafnaði rita fundargerðir félagsins eða fela öðrum hæfum aðila það hlutverk.

2.2.4. Gjaldkeri sér um fjármál félagsins. Gjaldkeri skal vera í samstarfi við bókara skólans, sjá til þess að hægt sé að gera grein fyrir fjármunum félagsins og að upplýsingar um þá séu opinberar félagsmönnum NFFÁ. Gjaldkeri skal vera fjárráða.

2.2.5. Hagsmuna- og jafnréttisfulltrúi sér um öll þau hagsmunamál sem snúa að félagsmönnum NFFÁ. Hann skal alla jafna sitja skólaráðsfundi og sitja hagsmunaskóla SÍF.

2.2.6. Markaðsfulltrúi sér um öll þau mál sem snúa að markaðssetningu félagsins. Hann skal setja saman markaðsnefnd af hæfum aðilum til þess að sinna þeim verkefnum sem hann setur fyrir.

2.3. Stjórn NFFÁ hefur yfirumsjón með öllum framkvæmdum og störfum félagsins.

2.3.1. Ákvörðunarvald stjórnar NFFÁ er jafnt yfir stjórnarmeðlimi.

2.3.2. Stjórn NFFÁ fundar þrisvar sinnum í viku, í tímum í félagsmálavali, FÉLM2FF05.

2.3.3. Félagsmálafulltrúi FÁ situr fundi einu sinni í viku og þegar stjórn boðar hann á fund vegna áriðandi mála og/eða aðstoðar. Félagsmálafulltrúi hefur aðeins tillögurétt en lokaákvörðunin felst í ákvörðun stjórnar.

2.3.4. Minnst þrjú stjórnarmeðlimir þurfa að vera viðstaddir fund til þess að hann sé löglegur, undanþága er ef of fáir stjórnarmeðlimir eru skráðir í áfangann.

2.3.5. Stjórnarmeðlimir hafa einungis einn atkvæðisrétt hver.

2.3.6. Forseti skal boða á stjórnarfund.

2.3.7. Forseti skal vera fundarstjóri eða fela öðrum stjórnarmeðlimi það hlutverk.

### **3. Nefndir og ráð NFFÁ**

3.1. Nefndir og ráð NFFÁ eru vinnu- og/eða hagsmunahópar sem skipaðir eru af meðlimum nemendafélagsáfangna skólans með samþykki stjórnar NFFÁ. NFFÁ ber skylda til að auglýsa skráningu í ráð til allra félagsmanna NFFÁ og hvetja til þátttöku.

3.2. Hver/t nefnd/ráð skal hafa formann sem er tengiliður nefndar/ráðs við stjórn NFFÁ.

3.2.2. Formaður nefndar/ráðs hefur yfirumsjón með öllum framkvæmdum og störfum innan þess.

3.2.3. Formaður nefndar/ráðs hefur ákvörðunarvald innan nefndar en ekki heimild til þess að skrifa undir samninga í nafni NFFÁ án umboðs stjórnar.

3.2.4. Formenn nefnda/ráðs hafa ekki leyfi að kaupa eitthvað án tilkynningar um greiðslu til gjaldkera og leyfis NFFÁ. Ef ekki er tilkynnt til gjaldkera fyrir greiðslu er ekki endurgreitt.

3.3. Formenn nefnda/ráða eru kosnir í lýðræðislegum og leynilegum kosningum af sínum ráðamönnum/nefndarmönnum.

3.4. Formenn nefnda/ráða skulu funda minnst einu sinni í mánuði með sinni/sínu nefnd/ráði og funda svo meira eftir þörfum.

3.5. Aðeins félagsmenn NFFÁ geta tekið þátt í nefndum eða ráðum (sérnámsbraut undantekning).

#### 4. Kosning í stjórn NFFÁ

4.1. Kosning skal fara fram í byrjun haustannar. (innan við fyrstu tvær vikur annarinnar).

4.1.1. Kosningaréttur liggur hjá aðilum innan félagsmálaáfanga skólans, FÉLM2FF05.

4.1.2. Kosning skal fara fram í nafnleynd, þrátt fyrir aðeins eitt framboð.

4.1.3. Ef skilað er inn auðu jafngildir það ósamþykki.

4.1.4. Ef setið er hjá jafngildir það hlutleysi.

4.1.5. Kjósendur geta einungis skilað inn einu atkvæði fyrir hverja stöðu.

4.2. Allir þeir sem sitja í félagsmálaáfanga skólans eiga rétt að framboði í stjórn eftir að hafa setið eina önn í áfanganum eða unnið sambærileg félagsstörf.

4.2.1. Frambjóðendur skulu skila inn framboði til félagsmálafulltrúa minnst 2 dögum fyrir kosningar. Undantekning á þessu á einungis við vegna gr. 4.7.1.

4.2.2. Frambjóðandi skal vera félagsmaður NFFÁ og sitja félagsmálaáfanga skólans.

4.2.3. Frambjóðandi getur aðeins boðið sig fram í eina stöðu. Ef frambjóðandi vill bjóða sig fram í aðra stöðu til vara þarf að skila því inn 2 dögum fyrir kosningar.

4.2.4. Fáir frambjóðandi ekki kjör í fyrstu stöðu fær hann eitt tækifæri til þess að bjóða sig fram í aðra stöðu.

4.2.5. Frambjóðandi skal strax láta félagsmálafulltrúa eða fundarstjóra vita ef vilji er fyrir hendi að bjóða sig fram í aðra stöðu eftir tap í fyrstu stöðu.

4.3. Kosningar í stöður skal fara fram í eftirfarandi röð:

1. Forseti
2. Varaforseti
3. Gjaldkeri
4. Hagsmuna- og jafnréttisfulltrúi
5. Markaðsfulltrúi

4.3.1. Sé jafnt kjör á milli frambjóðenda í eina stöðu skal kjósa aftur.

4.3.2. Sé einungis eitt framboð í eina stöðu jafngildir það ekki sjálfkjöri. Leynileg kosning skal fara fram. Það skal vera tekið skýrt fram fyrir kosningar að það sé hægt að skila inn auðu. Að skila inn auðu jafngildir ósamþykki.

4.4. Nýkjörin stjórn skal kynnt til félagsmanna eftir kosningar.

4.4.1. Nýkjörin stjórn tekur við af fráfarandi stjórn á haustönn.

4.4.2. Nýkjörin stjórn situr eitt tímabil sem samsvarar einu skólaári.

4.4.3. Að stjórnartímabili loknu geta aðilar stjórnar boðið sig aftur fram.

4.4.4. Hættir/útskrifast stjórnarmeðlimur NFFÁ áður en stjórnartímabili lýkur skal stjórn auglýsa eftir aðila innan NFFÁ í stöðuna og kosið aftur.

4.5. Frambjóðendur skulu gera grein fyrir framboði sínu fyrir kjósendum á kosningadaginn áður en kosning fer fram.

4.6. Gæta skal að kynjahlutfalli þegar kosið er í stjórn. Að öllu jafna skulu í mesta lagi fjórir aðilar innan stjórnar vera af sama kyni. NFFÁ skal auglýsa stöðurnar og hvetja öll kyn til að bjóða sig fram. Undantekning er ef kynjahlutfall næst ekki í framboð eftir auglýsingar og hvatningar NFFÁ.

4.7. Séu fyrstu þrjú embættin fyllt sama kyni, skal taka stund á milli kosningu til að hvetja sérstaklega nemendur af öðru kyni til að bjóða sig fram í næstu embætti.

4.8. Gæta skal að jöfn tækifæri séu fyrir minnihlutahópa að sækjast eftir embætti í stjórn, s.s. aðilar af erlendum uppruna, aðilar með fötlun og aðilar sem eru hinsegin.

4.9. Aðilar nýkjörnir í stjórn NFFÁ skulu skrifa undir samþykktar siðareglur NFFÁ hjá félagsmálafulltrúa skólans. Brot á þeim varðar brottrekstur.

## **5. Aðalfundur NFFÁ**

5.1. Aðalfundur félagsins fer fram í byrjun vorannar.

5.2. Aðalfundur skal auglýsa eigi seinna en tveimur vikum fyrir. Í fundarboði skal koma fram tímasetning aðalfundar, staðsetning fundar og dagskrá hans. Aðalfundur skal vera auglýstur á öllum miðlum FÁ og NFFÁ.

5.2.2. Bjóða skal öllum félagsmönnum NFFÁ að sitja fundinn.

5.3. Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Setning aðalfundar.

2. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.

3. Farið skal yfir þá viðburði sem haldnir hafa verið yfir stjórnartímabilið og þá viðburði sem framundan eru.

4. Farið yfir fjárhag félagsins og kostnaðaráætlun fráfarandi tímabils.

5. Lagabreytingar.

6. Önnur mál.

7. Slit aðalfundar

5.3.1. Forseti skal vera fundarstjóri og varaforseti skal vera ritari. Eða skulu fá viðeigandi aðila til að sinna því.

5.4. Lagabreytingatillögur skulu berast forseta sem ber það undir stjórn minnst þremur dögum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar á aðalfundi. Lagabreytingartillaga telst samþykkt fái hún meirihluta

greiddra atkvæða á aðalfundi. Ef engar lagabreytingatillögur koma fram, skulu lög gilda óbreytt fram að næsta aðalfundi.

5.5. Atkvæðis- og tillögurétt á aðalfundi hafa allir félagsmenn NFFÁ. Undanþága er sérnámsbraut.

5.6. Tillaga er samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Ef atkvæði falla jafnt skal kjósa um hana aftur að umræðu lokinni, ef hún stendur jafnt að öðru sinni er tillagan álitin felld.

5.7. Á aðalfundi skulu tekin fyrir öll þau mál er stjórn telur varða NFFÁ. Þau mál sem félagsmenn NFFÁ óska eftir að tekin verði fyrir á fundinum þurfa að berast til stjórn eigi síðar en 3 dögum fyrir fundarsetningu og skal stjórn, eftir bestu getu, tryggja að þau komi fyrir á fundinum.

5.8. Stjórn NFFÁ hefur heimild til að bjóða gestum að sitja aðalfund sem áheyrnarfulltrúar. Hægt er að óska eftir því við stjórn að fá að sitja aðalfund sem gestur.

## **6. Vantraust og brottfall úr stjórn**

6.1. Lýsi þriðjungur félagsmanna NFFÁ eða meirihluti stjórnar NFFÁ skriflega yfir vantrausti á embættismann skal stjórn NFFÁ taka málið fyrir á stjórnarfundum innan viku. Þar skulu forgöngumenn vantrauststillögunnar rökstyðja mál sitt og viðkomandi embættismanni gefinn kostur á að verja sig. Meirihluti stjórnar ákveður hvort brottrekstur eigi við með leynilegri kosningu.

6.1.2. Ef niðurstaða kosninga sé brottrekstur embættismanns skal stjórn NFFÁ skipa annan í embættið til næstu kosninga, þá ber að fara eftir niðurstöðum síðustu kosninga. Ef embættismaðurinn sem vikið var úr starfi var einn í framboði, skal staðan auglýst laus í viku og NFFÁ, kýs í leynilegum kosningum um stöðuna

6.1.3. Ef embættismaður segir af sér, gilda sömu reglur um skipun í stöðu hans og fram kemur í grein 6.1.2

6.1.4. 80% lágmarksmætingu í skólann skal halda að meðaltali á hverri önn til að mega sitja í nemendaráði. Fari mæting undir 80% og helst þar jafngildir það úrsögn úr ráðinu. Brot á skólareglum (s.s. varðandi vímuefnanotkun, hegðun eða umgengni) geta varðað brottrekstur úr nemendaráði. Skólameistara /aðstoðarskólameistara ber skylda til þess að ákveða brottrekstur og að tilkynna það.

## **7. Reglugerðir**

7.1. Stjórn NFFÁ hefur heimild til að leiðrétta stafsetningar-, málfars-, tilvísunar- og innsláttarvillur í lögum þessum án þess að bera þær breytingar upp fyrir aðalfund enda breytist ekki merking viðkomandi greina.

7.2. Ný samþykkt lög og allir viðaukar við þau skulu birt opinber innan við viku frá lokum aðalfundar.